

Samstæðuspil þar sem para á saman há- og lágstafi

sjá myndir á næstu blaðsíðu

Efni:

- bókstafir íslenska stafrófsins gerðir í ramma sem er 4,5 cm. x 4,5 cm.
- kartonpappír í stærð A4 sem er það þykkur að ekki sjáist í gegnum hann þegar búið er að plasta
- plöstunurvél og plast í hana
- skæri

Aðferð:

- Gerðir bæði há- og lágstafir sem passa í rammann í Skriftis Grunn. Þetta er svo prentað út á kartonpappírinn og klippt til. Sett í plast og rennt í gegnum plöstunurvélina. Klippt til aftur.

Leikurinn:

- Spilað eins og samstæðuspil. Hægt að nota hluta bókstafanna þar sem þeir allir eru ansi margir. Dreift á borð eða gólf í röð. Þeir sem eru að spila skiptast á að draga tvö spjöld og á að para saman há- og lágstaf t.d. B og b. Sá vinnur sem er með flest pör

Ath:

- Hægt að spila eins og bingó líka. Þá er ákveðið hvort nota eigi há- eða lágstafi á bingóspjaldið en bingóstjórinn er þá með hina. Spjöldunum er skipt á milli spilaranna og þeir raða sínum spjöldum upp í röð. Bingóstjórinn dregur eitt spjald í einu t.d. b og á sá sem er með B að setja b ofan á B. Sá vinnur sem fyrst fyllir sitt bingóspjald

